

**Þróunarsjóður grunnskóla Garðabæjar**

**Lokaskýrsla**

**Heiti verkefnis:**

*Á vinnumarkaði 2040. Hvaða færni og þekkingu þurfa nemendur okkar að hafa til að ná góðum árangri í framtíðinni. Breyttir kennsluhættir með áherslu á eflandi kennslufræði*

**Styrkþegi:** Flataskóli

**Tímabil þróunarverkefnis:** Ágúst 2018 – Maí 2019

Markmið	<p>Markmið þessa verkefnis er að vinna að innleiðingu á fjölbreyttum kennsluháttum byggðar á hugmyndum um eflandi kennslufræði meðal allra kennara skólans þar sem áhersla er lögð á nýsköpun og aðrar aðferðir sem líklegar eru til að mæta kröfum framtíðarinnar.</p> <p>Í verkefninu er stefnt að eftirfarandi:</p> <p>1)Að fræða alla kennara skólans um mikilvægi þess að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir.</p> <p>2)Að kynna fyrir kennurum grunnþætti í eflandi kennslufræði og skilja tengingu hennar við skapandi skólastarf.</p> <p>3)Að kenna og rifja upp fjölbreyttar kennsluaðferðir byggðar á hugmyndum um eflandi kennslufræði með það að markmiði að kennarar í Flataskóla þrói í auknum mæli kennsluhætti sína.</p> <p>4)Að nýta sér ferli skapandi hugsunar við kennslu</p> <p>5)Að kennarar setji sér sameiginleg markmið varðandi þróun kennsluhátta.</p> <p>6)Að kennarar fái stuðnings fagaðila við að þróa kennslu sína.</p> <p>7)Að nemendur verði hafðir með í ráðum.</p>
Framvinda verkefnisins	
Ávinningur	<p>Verkefninu er ætlað að efla kennara til breytinga á kennsluháttum með því að koma betur til móts við þarfir nemenda. Kennarar í Flataskóla þurfa að kynna sér vel nýjustu straum og stefnur í kennslufræðum enda hafa þjóðfélagsbreytingar orðið miklar og nýjar þarfir orðið til. Vonir standa til að lærdómssamfélagið styrkist og að samræður um kennslufræði aukist. Kennararnir þurfa að fá tækifæri til að prófa nýjar aðferðir undir handleiðslu sérfræðinga. Mikilvægasti ávinningur verkefnisins er þó að nemendur fái kennslu sem örvar starfsgleði þeirra og frjóa hugsun.</p>
Þátttakendur	Allir kennarar
Ráðgjafar og tengiliðir	Dr. Rósa Gunnarsdóttir

Lokamat í maí 2019	Verkefnið gekk ekki eins vel og skyldi. Mikill áhugi var í byrjun og kennarar áhugasamir um innleiðingu breyttra kennsluhátta. Ekki gekk vel að viðhalda áhuga og við lok árs voru aðeins nokkrir kennarar sem voru virkir í breytingaferli.
--------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------